Heimskringla

VII. AR. NR. 29. WINNIPEG, MAN., 8. APRÍL, 1893. TÖLUBL. 383

FRÉTTIR.

ÚTLÖND.

SIR GEORGE DIBBS,

forsætisráðherra New South Wales, varð nýlega gjaldþrota; námu skuldir hans £ 180,000, en eigur £35 000. Hann seldi skuldheimtumönnum sínum í hendr alla fasteign sína að auki (en þess þurfti hann ekki að lögum), og sagði af sér þingmensku. Nú hefir kosning farið fram á ný í kjördæmi hans, og var hann endrkosinn í einu hljóði. Enginn bauð sig fram á móti honum.

KÓLERA AÐ LIFNA VIÐ.

Frá Wien í Austrríki var sendr læknir til suðaustrhluta Ungaralands til að rannsaka, hvað kólerunni liði. Hann segir hún sé nú óðum að breiðast þar út með vorinu. Sérstaklega er hún skæð í Peterwardein. Samgöngur hafa bannaðar verið við nokkur kólerusjúk þorp í Gallizíu.—Frá St. Petrsborg kom sú fregn 31. f. m., að kólera væri að breiðast þar út í borgarjöðrunum, og að hún væri að gera vart við sig á ný í ýmsum vestrhéruðum Rússlands.

RÁÐGJAFASKIFTI Í FRAKKLANDI.

1. þ. m. kemr sú fregn frá París, að þingið hafi með 5 atkvæða mun (247 : 242) samþykt breytingartillögu við fjárlögin þvert ofan í vilja stjórnarinnar. Stjórnin sagði af sér, en fyrst bað fjármálaráðgjafinn (Tirard) þingið að samþykkja bráðabirgðafjárveitingar fyrir tvo mánuði; en þingið vildi ekki veita fé fyrir meira en einn mánuð.

SNARRÆÐI GLADSTONES.

Í erjum þeim, sem iðulega verða milli mótstöðuflokksins og stjórnarinnar á þinginu á Englandi, sýnir Gladstone einatt aðdáanlegt snarræði, og þykir sjaldan hafa kveðið meira að því en nú í vetr, enda sjaldan þurft meira á því að halda. Dást allir að liprleik og slægð ins gamla manns. Hér á dögunum stóð Goschen upp (hann er einn af inum merkustu andstæðingum Gladstones nú), og hafði á móti því, að frumvarp stjórnarinnar um lagfæring á kosningalögunum yrði rætt á föstudaginn, en yrði heldr geymt fram yfir páska. Var það tilgangr Goschens, þótt hann léti það ekki bert uppi, að tefja fyrir frumvarpinu, sem Gladstone langaði jafnmikið til að flýta fyrir. En með því föstudagrinn var sá dagr, sem það átti að takast fyrir á, gat stjórnin ekki vel breytt þeim degi úpp úr þurru. Gladstone stóð upp á eftir Goschen, lézt hafa misskilið tilgang hans, og let sem hann gengi að því vísu, að Goschen hefði móti föstudeginum af því, að honum þætti of langt að bíða svo lengi. Hann kvaðst því fallast á það, sem Goschen hefði haldið fram, að föstudagrinn væri óheppilegr, og kvaðst því vilja breyta til; hann kvaðst albúinn að taka málið fyrir þá undir eins, og heimti það fyrir tekið samdægrs,—og það var gert. En Goschen fékk litla þökk af sínum flokksmönnum fyrir sína framkomu.

MÓTSPYRFA ULSTER-MANNA.

Jarlinn af Rauburly hefir fyrir hönd Ulstermanna sent umburðarbréf til meþódista-prestanna í Ulsterhéraði og boðið þeim að koma til Englands til að halda þar ræður á málfundum móti sjálfstjórn Írlands; býðr hann að borga hverjum þeirra tíu gíneur (£ 10.10s) um vikuna og fría ferð á fyrsta flokks járnbrautarvögnum. Ekki allfáir prestar hafa þegið þessa atvinnu, sem borgar sig svo vel. En einmitt það, hve hátt verðr að borga þeim fyrir að tala á móti sjálfstjórn Íra, bendir til þess, að ekki sé svo mikið mark takandi á öllum þeim æstu ræðum, sem fluttar eru af Ulster-flokksins hendi. Hver getr sagt, hve margir af ræðumönnum tala af sannfæringu eða að eins *fyrir góða borgun?*

BANDARÍKIN.

MR. RISLEY

frá Indiana er tilnefndr af Cleveland forseta til að verða sendiherra Bandaríkjanna í Danmörku. Þetta líkaði mörgum Skandinöfum miðr, með því að Skandinafar af öllum flokkum óskuðu að prófessor Rec que, norskr maðr, fengi þetta embætti. Efri málstofa bandaþingsins, sem alt af er saman í Washington um þessar mundir, hefir stað fest útnefninguna á Mr. Rislev.

En svo kemr blaðið *N. Y. Sun* og birtir þunga sakargift á hendr Mr. Risley. Hún er í stuttu máli svo löguð: þegar uppreisn suðrríkjanna hófst, var Mr. Risley ungr maðr og var að nema lög hjá Mr. Voorhees, sem nú er efri deildar bandaþingsmaðr frá Indíana. Mr. Risley á þá að hafa gerzt meðlimr í uppreistarfélagi einu, er nefndist *The Golden Circle*, og trúði félaghonum fyrir peningum, $18,00, til að kaupa vopn fyrir. Hann fór, segir *Sun*, til New York, en hvorki keypti hann þar vopnin né heldr skilaði hann aftr peningunum.—Þegar þessi saga kom út, tóku jafnvel sterkustu fylgisblöð Clevelands í þann strengr, að annaðhvort yrði Mr. Risley að hreinsa sig af þessum áburði, eða að stjórnin hlytiað aftrkalla umboð hans til að vera fulltrúi Bandaríkjanna til erlends ríkis.

Mr. Risley hefir nú harðlega neitað sögunni, þó ekki í blaðagrein einu sinni sjálfr, heldr hefir hann gefið sig á tal við blaðfregnrita, sem spurði hann um málið, og hefir hann sagt honum, að í þessu væri engin hæfa; kvaðst ekki einu sinni svo mikið sem hafa heyrt nefnt slíkt félag, þegar hann flutti sig frá Indiana. Segir söguna algerðan flugufótslausan uppspuna.

Merk blöð, sem styðja Cleveland, svo sem *Evening Post* (N. Y.) segja nú, að venjulega sé það nægt í flestum tilfellum, að maðr, sem meiðandi sakir sé bornar, á neiti þeim blátt áfram. Sönnunarbyrðin liggi auðvitað á þeim, sem ber fram sakirnar. Enda væri það ómögulegt í flestum tilfellum að sanna að maðr hafi *ekki* gert hitt eða þetta. Og engin sanngirni sé í því venjulega, að ætlast til að menn sé að kosta ærnu fé upp á meiðyrðamál, sízt ef ómerkilegt blað eigi í hlut eða örsnautt.

En hér stendr sérstaklega á, segja þau. Blaðið er auðugt, og allmerkt. Mr. Risley er auðugr maðr, sem munar ekki um að kosta nokkru til, en staðan, sem honum er ætluð hins vegar svo þýðingarmikil. Svo að þeim virðist ekki minna nægja honum til fullrar hreinsunar í þessu tilfelli, en að hann höfði meiðyrðamál á hendr Mr. Dana, ritstjóra blaðsins *Sun*. Enda sé hér að ræða um svo þunga og ákveðna sakargift gegn manni í hárri stöðu, að réttlátt sé að láta Mr. Dana blæða, ef sagan sé tilhæfulaus með öllu.

SENATOR ROACH

frá Norðr-Dakota, sérveldismaðrinn, sem N. Dak þingið kaus á nýafstöðnu þingi til fulltrúa ríkisins í efri deild Bandaþingsins, ætlar ekki að hljóta tóma óblandna ánægju af kosningu sinni. Það hefir komið fram ásökun á hendr honum, og það sem lakast er, að hún kvað að sögn *N. Y. Even. Post* vera sönn. Hún er svo: 1879 var Mr. Roach gjaldkeri fyrir *Citizen's National Bank* (Washington, D. C.), og komst þar í gjaldþrot, er námu $64,000. Hann og ábyrgðarmenn hans og vinir gátu þá kraflað saman svo miklu upp í skuldina, að ekki varð eftir nema $18,500 ógreitt af henni. Það hvílir einhver hulda yfir, hvernig á þessum sjóðþrotum hefir staðið; það er t. d. víst, að Roach dvaldi vikum saman í Washington eftir að hann fór frá bankanum og sjóðþrotin vóru kunnug, en bankastjórnin gerði ekkert til að ganga að honum. Hann hefir verið í þjónustu fleiri banka sem gjaldkeri og hvervetna getið sér bezta lofsorð fyrir ráðvendni og áreiðanleik. Jafn vel stjórnendr Citizens bankans og samverkamenn hans þar bera honum ið bezta orð.—Auðvitað getr efri deild þingsins ekki gert hann þingrækan fyrir þetta. En hins vegar geta þeir gert honum þingsetuna óbærilega.

Samveldisflokkrinn í deildinni hefir komið fram með tillögu um, að nefnd sé sett til að rannsaka sakargiftir þær, sem blöðin hafa fært fram gegn Roach. En svo eru sérveldismenn aftr að búa sig uddir að óska rannsóknar á ýmsum atriðum um líf nokkurra samveldisþingmanna, t. d. um öll þau stórhneyksli, er samfara urðu kosning Powers í Montanasem það hvernig á því stóð er Allison flutti sig skyndilega frá Ohio til Iowa; svo er og mælt að feitt rannsóknarefni muni verða ráðvendni og æðerilll Matt. Quays, stórþjófsins frá Pennsylvania. Yfir höfuð lítr út fyrir, að hafin verði rannsókn um alls konar ópokka-sögur um þingmenn, og hætt við að sumir þeirra sleppi ekki alveg óbrendir úr þeim hreinsunareldi.

CANADA.

ÞINGLOK.

Þing það, sem nú er á enda, er eitt ið styzta, sem háð hefir verið síðan Canadaveldi mynd aðist. En jafnframt hefir það heldr orðið í fjörugra lagi. Það má óhætt segja, að það hefir verið meira los og sundrung á stjórnarflokknum nú, en áðr, merkir þingmenn í honum hafa risið upp á móti stefnu hans í sumum greinum, einkum í tollmálunum. En alt um það hefir mótstöðuflokknum lítill matr úr þessu orðið annar en sú magra von, að þetta los muni fara vaxandi og þá ef til vill svo, að stjórnin missi meiri hluta fylgis á þingi næsta vetr.

Stjórnin bað þingið ekki í þetta sinn að staðfesta franska tollsamninginn. Af því tilefni er í mæli, hvað sem til hæft reynist, að erindreki Canada í Englandi, Sir Charles Tupper, muni segja af sér.

SAKARGIFTIR.

Lister þingmaðr vakti 30. þ. m. athygli þingsins á því, að blaðið *Empire* hefði mishermt orð sín, svo sem hefði hann komið fram með aðdróttanir að allri dómarastétt landsins. Þetta væri rangt og ódrenglega gert. Hann kvaðst til jafnaðar álíta dómarastétt þessa lands einhverja ina beztu í heimi. En alt um það væru til eigi allfáir menn í dómarastéttinni í Canada, sem hefðu keypt embætti sín fyrir peninga — Foster ráðgjafi neitaði rétti Mr. Listers til að koma fram með slíkar aimennar sakargiftir, og því var forseti samdóma. Lister svaraði, að hann hefði í höndum lögfullar sannanir fyrir því, að einn dómari hefði keypt embætti sitt fyrir $2000, og hefði sú upphæð verið látin renna í kosningasjóð stjórnflokksins. Einnig kvaðst hann geta sannað, að póstmeistarar hefðu keypt embætti sín af stjórninni. Nú væri komið að þinglokum, en er þingið kæmi saman næst (að vetri), kvaðst hann mundi koma fram með tillögu um málsókn á hendr dómara þeim, sem um væri að ræða. Tarte þingmaðr tók í sama streng og staðfesti ummæli Listers.

MRS. MACKENZIE,

ekkja ins fyrverandi, frjálslynda stjórnarformanns Canada, dó 30. þ. m. af innvfla bólgu.

SÓTTVARNA-HÚMBÚG.

Þegar Allanlínu-eimskipið Buenos Ayrean kom í höfn í Halifax 30. þ. m., var vandlega reyktr allr farangr farþegjanna, í sóttvarnaskyni. En með því að fatnaðr farþegjanna, sem þeir eru í, er ekki reyktr, og þeir sjálfir ekki heldr, þykir þessi sóttvarnarviðleitni ónýt.

ELDSVOÐI Í MONTREAL.

Síðasta dag f. m. varð mikið tjón af eldsvoða í Montreal. Þrjár búðir brunnu alveg, og í sex búðum öðrum skemdust vörur meira og minna. Alls er tjónið metið $100,000.

N. P. R. R. TIL QUEBEC.

Frá Quebec berast þær fréttir, að Northern Pacific járnbrautarfélagið ætli að leggja braut til Qebec gegnum Canada. Brautin á að ná frá Parry Sound til Quebec, 550 mílur, og verða fullger svo að unnfarð byrji á henni næsta ár. Reynist þessi fregn sönn, þá hefir það ákaflega mikla þýðing fyrir norðvestr hluta Canada, því að brautin hlýtr að verða keppinautr C. P. R. felagsins.

ALVEG NÝLEGA

höfum við keypt frá vönduðustu skóverkstæðum Bandaríkjanna mörg hundruð dollars virði af skóm og stígvélum fyrir karla, konur og börn; verðið lægsta, sérstaklega á móti peningum út í hönd.

Akra, N. D., 5. Aprílí 1893.

S. Thorwaldson.

1892, Rjominn af Havana uppskerunni.

„La Cadena" og „La Flora" vindlar eru án efa betri að efni og töluvert ódýrari heldr en nokkrir aðrir vindlar. Fordómsfullir tóbaksreykjendr vilja ekki kannast við það, en þeir, sem vita hvernig þeir eru tilbúnir, kannast við það. S. Davis & Sons, Montreal [15]

„Clear Havana Cigars"

„La Cadena" og „La Flora" Biddu ætíð um þessar tegundir [12]

STEFNIR, nýja blaðið af Akreyri, fæst hjá Aðalsteini Jónssyni, 611 Fifth Ave. North (Ross Str.).

(Páll Jónsson ritstj.).

Winnipeg.

—**Slys**. Í fyrra dag vildi það slys til, að göng, sem verið var að grafa undir stræti, niðri á Point Douglas, hrundu saman og grófu 5 menn, einn enskan og 4 Íslendinga. Enski maðrinn mun hafa sloppið lítt meiddr. Einn Íslendingrinn, Benjamín Jónsson, kvæntr barnamaðr, var dauðr er þeir vóru grafnir upp; Helgi Eggertsson handleggsbrotinn og eitthvað kostaðr innvortis (loft vildi hlaupa úr lungunum upp í hálsinn, er hann andaði frá sér), en þó ekki ólíklegr til bata; Ólafr Hannesson lærbrotnaði; Árni Þórðarson Dalmann skarst í andliti (kinn og augabrún) og höfði, en ekki beinbrotinn né skaðlega meiddr annars.—Á. Kristján Eiríksson, sem vann á sama stað, hafði skurðrinn tvívegis hlaupið inn fyrirfarandi daga, og meitt hann ið síðara sinn. En ófáanlegr hafði Lee verkstjóri verið til að ganga svo frá skurðinum að hættulaust væri. Einn landa, sem neitaði að hætta lífi sínu í hann, rak hann undir eins úr vinnu. Það kvað vera viðkvæði Lee's, að það geri lítið til þótt nokkrir Íslendingar hrökkvi upp af; það sé nóg til af þeim í borginni.

—Umtalsefni Rev. B. Pétrssonar annaðkveld verðr: *Um frelsun fyrir lögmálsverk.*

Samtal á eftir.

—*Leiðrétting.* Í næstsíðasta blaði stóð í samskotalistanum „Þorbjörg Gunnlaugsdóttir *fyrir* „Rósbjörg Gunnlaugsdóttir".

—*J. S. Douglas'* skóbúð hér í bænum brann á laugardagskveldið. Vörur vóru í ábyrgð fyrir $12 500, en tjónið var miklu meira.

—*Vér höfum* heyrt, að Ný Íslendingar hafi sent almenna bænarskrá með fjölda undirskrifta til Ottawa um að leggja fram fé til að gera gufuskipabryggjur í nýlendunni.

„The Beauty". Það er ómissandi fyrir þig að hafa eina flösku af Perry Davis Pain Killer í húsinu, til að vera viðbúin þegar kólera kemr, Pain Killer er óviðjafnanlegt meðal. Ein 25 cents stór flaska.

A CURE FOR COUGHS. Það er ekkert meðal sem læknar eins marga einsog Dr. Wood's Norway Pine Syrup; læknar köldu hósta, hæsi, gigt og alla blóðsjúkdóma.

DYSPEPSIA CURED. Herrar. Ég var þjáðr af hægðaleysi í 4 ár. Þegar ég gæti að auglýsingunni um Burdock Blood Bitter, tók ég hann til reynslu, og fann strax að það varið rétta meðal. Eftir að hafa brúkað úr 3 flöskum var ég albata.

Bert J. Reid, Wingham, Ont.

CAN YOU THINK? Geturðu hugsað þér verri sjúkdóm, en hægðaleysi; hann leiðir dauðamyrkr yfir sjúklinginn og gerir honum lífið leitt. Þúsund sinnum hefir Burdock's Blood Bitter læknað þennan sjúkleika.

A FRIEND IN NEED. Sá sem ætíð hefir við hendina eina flösku af Hagyard's Yellow Oil vís slysatilfellum, svo sem tognun, rispum, skurðum, bruna, gigtarverkjum og sárindum í hálsi, hann hefir verið, ef hellsubrest ber að höndum.

CAUSE AND EFFECT. Þegar kalda og hósti gera vart við sig, þá læknaðu sig í tíma. Það er Hagyard's Pectoral Balsam, sem er óbrigðulasta meðallið við lungna sjúkdómum.

THE RED RIVER. Rauða lífsins er blóðið, sem liklst öðrum elfum í því að verða stundum óhreint, og þarfnast þá Burdocks Blood Bitter, sem algerlega hreinsar það.

Frá löndum.

LÖGBERG, P. O., á föstud. langa.

....Sem viðbót við seðil þennan vil ég ekki undan fella að minnast á helztu fréttir héðan úr bygð, og er þá fyrst að minnast á tíðarfarið, sem er nú stærsta spursmálið fyrir almenningi hér. Vetr þessi hefir verið inn harðasti hér um nærliggjandi sveitir; hann gekk í garð 16. Okt. með fannkomuhríð og hörkufrosti; að sönnu blíðkaði hann sig aftr um viku tíma, svo að snjór þíðnaði talsvert, en það varaði ekki lengi, því með Nóv. sýndi hann sig aftr með inni fullkomnustu canadiskri harðneskju með áframhaldandi fannkomum, sem haldið hafa stöðugt áfram viku og mánaðarlega alt upp til þessa tíma. Snjórinn er því ákaflega mikill, svo hvorki skiðalausum mönnum né nokkurri skepnu er fært hér milli húsa, nema eftir inum marguppþrúguðu snjóbrautum, sem líkjast upphleyptri brú. Síðan sól gekk hærra á himin og dagsbirtan skirðist meir, þola menn ekki út úr húsum að koma nema hafa snjógleraugu eða aðra verju fyrir augum, þvíið hólótta land hér er eins og eitt jökulhaf yfir að líta, nema hvað á stöku stöðum ferðamaðr sér skugga af húskofa eða nýgnæsings poplar-buska standa hér og þar einmana upp úr jökulhafinu sem þjóðsagna nátttröll.—Í gær var hér fyrst frostlítið, svo snjór meirnaði nokknð; aftr í dag er að sönnu frostlítið, en norðvestanvindr með óljagangi. Menn eru að vonast eftir batanum þessa daga, en sem stendr er stilling á tíð eða sjáanleg umskifti ekki komin. Það eru engar ýkjur þó sagt sé, að menn eru hér almennt að þrotum komnir með hey, sumir heylausir fyrir nokkru og aðrir, sem dálitið vóru betr staddir, hafa miðlað af sínu litla í þessari svelt, en ekki utan örfáir menn, sem gefa lengr en viku eftir páska, ef enginn léttir kemr af jörð, og ég hefi heyrt að ástandið í suðrbygðinni væri likt þessu. Að því sem ég hefi heyrt, held ég yfirborð af skepnum hjá löndum sé í allgóðum holdum, en aftr á móti hjá enskumælandi bændum hér nálægt Salt Cast og víðvegar þar norðr og vestr, að því sem sagt er, er ástandið mikið verra í því tilliti; talsvert af gripum er þegar fallið og fellr daglega af megrð og fóðrskorti. Það eru reyndar nokkrar málsbætr, sem liggja til ásökunar fyrir því, þó landar hér í bygð verði heyknappir, eftir þennan langa og harða vetr, þegar þess er gætt, hversu hér var sáralitil grasprettu næstliðið sumar; í suðrbygðinni var sérstök neyð, því sléttur fóru þar þvi nær eyðilagðar í norðvestanáninni var aftr sá mismunur, að gamla grasið, sem allstaðar var mikið, stóð hér víðast óhaggað, og var því einginn að þakka, aðeftirtekjan varð hér miðlegri en í suðrpartinum. Þessi sinubey reyndust hjá þeim, sem þau slóu og hirtu í tíma, allgott fóðr fyrir gelda gripi; auðvitað þurfti meira af því. Aftr mun haustslátrjan hafa eðlilega verið mjög ómerkileg, þó hún vegna inna miklu þarfa hafi verið notuð. Mikið af heyi hefir verið flutt á þessum vetri héðan úr norðrparti í suðrpart bygðarinnar. Enn fremr jók það mikið á fóðrskortinn, að menn höfðu almennt hér ekkert af strái, sem er bæði mikil og góð drýgindi að, Reyndar áttu menn hér sem heima á gamla Fróni að láta það vera eitt stærsta spursmálið, að afla nægilegs fóðrs að sumrinu handa þeim gripum, sem naudsynlega þurfa að setjast á vetr, og sérstaklega þegar vel lætr í ári, að fara vel með hey og geyma þau heldr til lakari áranna; það held ég sé einhver stærsta yfirsjón hjá mörgum, að þeim finst lítil eign í að geyma hey frá einu ári til annars.

Jacob Landal.

SKOR OG STIGVJEL

Fyrir kvenmenn, konur og börn.

Vjer höfum birgðir af öllum stærðum og gerðum.

Reimadir skor, Hneptir skor, Lagir skor, Sterkir vinnuskor.

Allar tegundir.

Vjer höfum allar inar nýjustu og algengustu tegundir af öllum stærðum. —— *Prisar vorir eru ætíð inir lægstu í borginni.*

Richard Bourbeau

360 Main Str.

Næstu dyr við Watson sætindasal.

HARDVARA.

H. W. STEEP

546 Main Str.

Verzlar með eldavélar og tinvöru og alls konar hardvöru

Billepasta búðin í bænum. Komið og spyrjið um prísa.

H. W. Steep.

DR. PRICE'S Cream Baking Powder.

The only pure Cream of tarter Powder, engin ammonia ekkert Alum.

Brúkað af milliónum manna. 40 ára á markaðnum